

Ársskýrsla RMF

2011

Ársskýrsla, yfirlit yfir útgefið efni,
ráðstefnur og fyrirlestra



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ
FERÐAMÁLA



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ FERÐAMÁLA

Ársskýrsla 2011

Árið 2011 einkenndist af samdrætti í umsvifum enda aðeins einn starfsmaður í fullu starfi allt árið hjá miðstöðinni, en Eyrún Jenný Bjarnadóttir fór í fæðingarorlof á miðju ári. Verkefni styrkt af Norðurslóðaáætlun ESB (NPP) og undirbúningur kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi, voru þau verkefni sem mest fór fyrir í starfsemi, auk árlegrar flugvallakönnunar meðal farþega í beinu millilanda flugi frá Akureyrarvelli. Samhliða þeim var unnið að frekari umsóknum bæði í sjóði ESB, Norrænu nýsköpunarmiðstöðvarinnar og innlenda rannsóknarsjóði. Einnig var unnið að því að efla samstarf RMF við aðila sem safna gögnum um íslenska ferðaþjónustu og neytendur hennar og þá sem stunda markaðssetningu á landinu.

Nokkuð bar til tíðinda við lok ársins en þá kom fram tillaga á fjárlögum um að RMF fengi 30 milljónir í þrjú ár auk núverandi framlaga frá Mennta- og menningarmála ráðuneytinu. Fer framlagið í gegnum Háskólann á Akureyri en er ætlað til þess að ráða starfsfólk til miðstöðvarinnar. Við lok árs var ljóst að þessi tillaga var samþykkt og hefst því árið 2012 með nokkrum væntingum um meiri umsvif og getu miðstöðvarinnar til að sinna þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að efla þekkingu á íslenskri ferðaþjónustu. Með þessari samþykkt er áfanga náð í baráttu RMF fyrir að komast á fjárlög sem staðið hefur sleitulaust frá hausti 2006.

Það sem nú er mikilvægast er að halda áfram á þeirri braut að efla samstarf rannsakenda, sem og við þá aðila sem safna gögnum og sinna markaðs- og hagsmunamálum í íslenskri ferðaþjónustu, svo hægt sé að miðla markvisst niðurstöðum þeirra rannsókna sem unnar eru og bæta þá þekkingu sem til er á greininni.

Starfsmenn á árinu 2011 voru:

Dr. Edward H. Huijbens, forstöðumaður 95%

Eyrún Jenný Bjarnadóttir, sérfræðingur 100% (fór í fæðingarorlof 15. ágúst)

Jón Gestur Helgason, verkefnastjóri 50%

Stjórnarfundir á árinu voru þrjár: Aðalfundur haldin 23. febrúar, haustfundur 30. september og fjárfundur í framhaldi haustfundar 14. nóvember.

Í stjórn RMF árið 2011 áttu sæti:

Dr. Rögnvaldur Ólafsson (Háskóli Íslands), formaður stjórnar

Dr. Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (Háskólinn á Akureyri), varaformaður

Fjóla Björk Jónsdóttir (Háskólinn á Akureyri)

Anna Dóra Sæpórsdóttir, (Háskóli Íslands)

Bjarnheiður Hallsdóttir (Samtök ferðapjónustunnar)

Kristina Tryselius (Hólaskóli), tók við á aðalfundi af Guðrúnu Þóru Gunnarsdóttur

Oddný Þóra Óladóttir (Ferðamálastofa)

Rannsóknarverkefni ársins

Rural Tourism Transport – trans tourism verkefnið

Á haustdögum 2010 hófst verkefni á vegum Norðurslóðaáætlunar Evrópusambandsins, sem RMF leiðir á Íslandi um þróun sjálfbærra samgangna í þágu ferðaþjónustu á jaðarsvæðum. Er markmið verkefnisins að þróa nýjungar í samgöngnum fyrir svæði á jaðri norður Evrópu sem byggja afkomu sína á ferðaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Er verkefnið unnið í samvinnu við Svía, Skota og Íra og mun leitast við að bæta net almenningsamgangna og upplýsingagjöf þar um í þágu ferðamennsku. Þannig stendur til að þróa:

- Nýjar leiðir fyrir ferðaþjónustu sem mætir árstíðarsveiflum og tengist flugsamgöngnum
- Samnýting leiða fyrir flutning á mat til áfangastaða og sorphirðu og endurvinnslu frá áfangastöðum
- Notendavæna upplýsingagjöf gegnum netið og farsíma

Eyrún Jenný Bjarnadóttir sinnir verkefninu en Edward H. Huijbens tekur við því í fjarveru hennar.

Nordic Wellbeing - A health tourism approach to enhance competitiveness of Nordic tourism

Verkefninu er lokið en það fjallaði um Norræna heilsutengda ferðaþjónustu og að skoða innihald og framsetningu heilsu ferðaþjónustu á Norðurlöndum. Sérstök áhersla var á Norðurlönd og hvort norræn vellíðan geti nýst sérstaklega sem vídd í markaðssetningu þá gegnum upplifun ferðalanga af hugmyndinni. Íslenska tilvikið skoðaði Jarðböðin í Mývatnssveit og uppbyggingu heilsu ferðaþjónustu þar í kring, en skoðar einnig hugmyndir um heilsu ferðaþjónustu á landsvísu.

Verkefninu lauk í lok árs 2010 en í upphafi árs 2011 var haldin fundur með háskólanum í Exeter þar sem lögð voru drög að samstarfsneti rannsóknaraðila og ferðaþjónustu um þróun og uppbyggingu heilsuferðaþjónustu. Unnið var að COST umsókn allt árið til ESB (TobeWELL – Tourism, wellbeing and ecosystem services) og var hlutverk RMF stórt, en það laut að því að halda hinu norræna neti sem byggt var upp í kringum fyrra verkefni, sem og að byggja tengslanet í A. Evrópu á grunni samstarfs við pólska háskóla síðan 2008. Við lok árs 2011 kom í ljós að COST umsóknin hafði komist á næsta þrep og verður framhald á vinnunni 2012.

Undirbúningur kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi

RMF hóf undirbúning að samræmdri kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu og mögulega stefnumótun og vörubrúun byggða á henni á landsvísu. Markmið þessa verkefnis er að tryggja grundvöll vörubrúunar og markaðssetningar á svæðum markaðsstofa landshlutana.

Grundvöllur stefnumótunarinnar er ítarleg úttekt á auðlindum og innviðum ferðaþjónustu á svæðunum í samvinnu við lykil hagsmunaaðila. Þessi úttekt snýr að náttúru- og menningargæðum í þágu ferðaþjónustu, þjónustu innviðum, samgöngum og mannauð svæða. Þessir þættir verða kortlagðir í landfræðileg upplýsingakerfi, sem gerir ferðaþjónustu kleift að tjá hagsmuni sína með tækjum skipulags og landnýtingar hér á landi. Gögnin verða unnin og sett í grunninn í hverju svæði og sett saman gegnum röð funda við hagsmunaaðila á svæðunum. Landfræðileg upplýsingakerfi gefa einnig möguleika á að leggja saman og bera

saman einstök gagnasöfn og kort og eru þannig ómetanleg þegar kemur að vörubrúun, þar sem hægt er að átta sig á hvar mest aðdráttarafl og þjónusta er fyrir hendi og hvernig það er samansett, en einnig hvar vantar að skilgreina aðdráttarafl eða byggja upp þjónustu.

Árangur verður metin gegnum þá nýsköpun sem á sér stað í vörubrúun og byggir á þeim gögnum sem aflað er. Einnig verður horft til aukinnar samvinnu og samræðna í greininni og hvernig ferðapjónusta fengi aukið vægi í landnýtingu og skipulagi á landsvísu.

Verkefnið er unnið með fulltingi Ferðamálastofu og verkefninu sinnir Edward H. Huijbens, forstöðumaður.

Brottfararkönnun á Akureyrarflugvelli

Gerð var brottfararkönnun meðal flugfarþega með flugi Iceland Express til Kaupmannahafnar um sumarið líkt og sumrin 2009 og 2010. Byggir sú vinna á því sem gert er í Keflavík meðal brottfararfarþega á vegum Rannsóknna og Ráðgjafar ferðapjónustunnar, en ítrekaðar óskir um samstarf hafa borið árangur og viljayfirlýsing er í hendi. Einnig leitaði RMF samstarfs við Ferðamálastofu um könnun sem unnin var 2011, en hún var keypt af Markaðs og Miðlarannsóknnum og ekki fengust svör um aðgengi að grunngögnum.

Könnunin er sem fyrr gerð í samvinnu við Flugstoðir, Viðskiptafræðideild Háskólans á Akureyri og sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu. Um var að ræða könnun meðal erlendra farþega í áætunarflugi Iceland Express milli Akureyrar og Kaupmannahafnar á tímabilinu 18. júní – 20. ágúst. Könnuninni var ætlað að kanna ferðavenjur, neyslumynstur og upplifun þeirra erlendu gesta sem fara frá Íslandi um Akureyraflugvöll og kortleggja ferðamynstur þeirra um Norðurland.

Eyrún Jenný Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens sinna þessu verkefni og mun skýrsla liggja fyrir í upphafi árs 2012.

Samstarf við háskóla í Póllandi

Á árinu var áfram unnið að samstarfi við aðila í Póllandi til að standa undir samstarfi við Rannsóknamiðstöðina sem fælist í gagnkvæmri rannsóknavinnu og kennslu í löndunum tveimur. Styrksjóðurinn er fjármagnaður af EFTA og heitir Fundusz Stypendialny i Szkoleniowy (FSS). Á árinu var farin ferð til Varsjá, Gdansk og Lublin. Á grunni styrksins var einnig tekið á móti gestum frá Póllandi í október til bæði rannsókna og kennslu.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni.

Samstarf við háskóla í Hollandi

Á grunni óformlegs samkomulag við háskólann í Wageningen í Hollandi koma nú einn nemandi á hverju misseri til starfsþjálfunar hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála, fjóra mánuði í senn. Á árinu komu tveir nemendur og sinntu ýmsum verkefnum.

Edward H. Huijbens sinnir þessu verkefni.

Af óformlegri vangaveltum

Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur unnið að því að taka saman og gera aðgengileg fyrirbyggjandi gögn sem safnað er um íslenska ferðaþjónustu eins og t.d. hjá Hagstofu, Seðlabanka og Ferðamálastofu. Þannig urðu til samantekt hagvísu ferðaþjónustu á árinu og upplýsingar um skemmtiskip og farþega þeirra 2000-2010, byggt á upplýsingum frá hafnarstjórum um landið. Að auki er miðstöðin tilneydd að safna eigin gögnum þar sem ekki hefur enn fengist aðgengi að grunnögnum kannana sem unnar hafa verið af m.a. opinberum aðilum. Þannig gerði RMF kannanir meðal ferðafólks í flugi Iceland Express á Akureyrarvelli, en að auki í Fjallabyggð og Borgarfirði Eystri.

Af öðrum vangaveltum og rannsóknarverkefnum má nefna:

- Ísland og eyjaferðamennska – tækifæri og ógnanir
Vinna að styrkumsóknum
- Ferðamennska og hvalaskoðun á Íslandi og Japan
Grein í Journal of Sustainable Tourism útgefin 2012
- Rannsóknaraðferðir ferðamála – verufræði
Grein í Annals of Tourism Research útgefin 2012
- Ímyndir Íslands og Norðursins – vörumerkjavæðing lands
Grein í ritstýrðu safnríti með öndvegisstyrk Rannís
- Heilsutengd ferðamennska og landslag – hlutverk gestrisni og hvað í því felst
Grein í ráðstefnurit og þróun greinar í tímarit
- Klasar og svæðisbundin þróun ferðaþjónustu
Grein í þemahefti Scandinavian Journal of Public Policy í rýni
- Frístundabúseta sem ferðamennska og hluti samfélaga í dreifbýli
Grein í Sociologica Ruralis í skrifum
- Skipulag og hlutverk flugvalla í svæðisbundinni markaðssetningu

	Skýrslur	Bls í skýrslum	Hlutar af öðrum skýrslum	Greinar	Starfsfólk innanlands	Fyrirlestrar á alþj. ráðstefnum	Fyrirlestrar á Velta	
2006	1	50	2	4	0,5	0	1	17
2007	3	186	2	7	2,5	6	4	18,5
2008	7	285	1	8	3,5	13	9	31
2009	6	475	0	14	3,5	15	14	29
2010	7	492	5	7	3,0	18	14	29
2011	4	287	2	10	2,0	12	12	20
2012								
Samtals	28	1775	12	50		64	54	144,5

Mynd 1: Samantekt tölfraði um útgefið efni og fyrirlestra í samhengi við veltu og fjölda starfsfólks

Útgefið efni 2011

Benediktsson, K., Lund, K.A. & Huijbens, E. 2011: Inspired by eruptions? Eyjafjallajökull and Icelandic tourism. Í *Mobilities* **6**(1), bls. 77-84.

Eyrún J. Bjarnadóttir og Edward H. Huijbens 2011: *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2010*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála (bls. 93).

Hjalager, A.-M., Konu, H., Huijbens, E., Björk, P., Flagestad, A., Nordin, S. & Tuohino, A. 2011: *Innovating and re-branding Nordic wellbeing tourism*. Oslo: NICE (bls. 76).

Hjálmsdóttir, A., Huijbens, E., Bjarnadóttir, E.J., Eypórsson, G., Jóhannesson, H., Heiðarsson, J.P., Ólafsson, K., Arnarson, S., Karlsson, V. og Bjarnason, Þ. (ritstj.) 2011: *Greinargerð faghóps Háskólans á Akureyri vegna samgönguáætlunar 2011-22*. Akureyri: Háskólinn á Akureyri (bls. 48).

Huijbens, E. 2011: Developing wellness in Iceland - Theming wellness destinations the Nordic way. Í *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism* **11**(1), bls. 20-41.

Huijbens, E. 2011: Kortlagning auðlinda ferðabjónustu á Íslandi – grundvöllur vöruþróunar. Í I. Hannibalsson (ritstj.) *Rannsóknir í Félagsvísindum XII*. Reykjavík: Félagsvísindadeild Háskóla Íslands, bls. 63-73.

Huijbens, E. 2011: Inspirational landscapes and the role of hospitality. Í Onderwater, L. & Smith, M. (ritstj.) *Landscape and tourism: The dualistic relationship*. Arnhem: ATLAS, bls. 7-17.

Huijbens, E. 2011: Nation Branding – a critical evaluation. Í D. Chartier and S. Ísleifsson (ritstj.) *Iceland and Images of the North*. Québec and Reykjavík: Presses de l'Université du Québec og Reykjavíkur Akadémían, bls. 553-582.

Huijbens, E. 2011: Turystyka w obszarach przyrodniczo cennych. Í A. Dłużewska (ritstj.) *Nowe Wyzwania Edukacji Turystycznej. Turystyka w obszarach odmiennych kulturowo i przyrodniczo cennych*. Warszawa: SWPR, bls. 75-116.

Huijbens, E. 2011: *Heilsa og vellíðan í austur Póllandi: Heilsuþorp, böð og landslagsgarðar*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála (bls. 39).

Huijbens, E. og Jón Gestur Helgason 2011: *Millilandaflug um Akureyrarflugvöll. Könnun meðal brottfararfarþega Iceland Express sumarið 2011*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála (bls. 91).

Hull, J.S. og Huijbens, E. 2011: A Participatory Approach to Planning Using Geographic Information Systems: A Case Study from Northeast Iceland. Í D. Dredge og J. Jenkins (Ritsj.) *Stories of Practice: Tourism Planning and Policy*. Farnham: Ashgate, bls. 227-248.

Hull, J.S., Lueck, M. & Huijbens, E.H. 2011: Cultural Tourism in Northeast Iceland: Creating New Opportunities Through Community-Based Strategic Planning. Í C. Eilzer, W.G. Arlt & B. Eisenstein (ritstj.) *Global Experiences in Tourism 4th Conference of the International Competence Network of Tourism Research and Education (ICNT) – Conference Proceedings*. München: Martin Meidenbauer, bls. 9-33.

Margaryan, L. 2011: Tourist Images of North Iceland. Analysis of Photographs in Regional Tourist Brochures. Í *Tourism & Service: Education, Challenges & Prospects*. XIII International Research & Practice Conference, 28 October 2011. Moskva: ITIG, bls. 300-316.

Margaryan, L. og Zherdev, N. 2011: *Tourism Development in North Iceland: The Issues of Seasonality and Image Production*. Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála (bls. 64).

Ólafsdóttir, R. og Runnström, M.C., 2011: How Wild is Iceland? Assessing Wilderness Quality with Respect to Nature Based Tourism. Í *Tourism Geographies* **13**(1), bls. 91-109.

Fyrirlestrar og erindi 2011

Kynning Edward H. Huijbens á málþingi um áhrif Héðinsfjarðagagna á Fjallabyggð á Ólafsfirði, 22. janúar.

Titill: Eigendur frístundahúsa í Fjallabyggð.

Kynning Edward H. Huijbens í boði Exeter háskóla á Tourism, wellbeing and ecosystem services. Exeter, Englandi, 27. janúar.

Titill: The “Nordic Well-being” Project: A Health tourism approach to enhance competitiveness of Nordic Tourism enterprises and destinations: Introducing Iceland.

Fundarstjórn og utanumhald erinda á ráðstefnu og listsýningu Without Destination: Practicing Nature-based Tourism. Hafnarhúsinu Reykjavík, Ísland, 5. og 6. febrúar.

Edward H. Huijbens ráðstefnustjóri á ráðstefnu um ímynd Norðurlands, haldin í Hofi, Akureyri 28. febrúar.

Kynning Edward H. Huijbens á málsfundarröð Georg (Geothermal research group) um ferðamennsku og jarðhita. Háskólanum í Reykjavík, 16. mars.

Titill: Virkjun, víðerni og ferðavaran.

Kynning Eyrún Jenný Bjarnadóttir á súpufundi ferðaþjónustuaðila í Eyjafirði, 29. mars.

Titill: Útlendingar og Íslendingar á Akureyri. Samaburður og helstu niðurstöður úr könnun meðal erlendra gesta og Íslendinga í orlofshúsum. Einnig kynntar frumniðurstöður úr könnun meðal skíðafarþega í leiguflugi veturinn 2010

Kynning Edward H. Huijbens um ferðamál á Íslandi fyrir Szkoła Wyższą Przymierza Rodzin (SWPR) í Varsjá, 1. og 2. apríl.

Titill: Nature-based tourism issues and management practices.

Kynning Edward H. Huijbens um ferðamál á Íslandi fyrir Thompson Rivers University í Kamloops, Kanada, 6. og 7. apríl.

Titill: Icelandic tourism – challenges and opportunities

Kynning Edward H. Huijbens í boði University of British Columbia: Neoliberalism and post welfare Nordic states. UBC Okanagan Campus, Kanada, 8. – 10. apríl.

Titill: Maintaining welfare in the wake of collapse – the case of Iceland

Kynning Edward H. Huijbens á ráðstefnu Ferðamálastofu um uppbyggingu ferðamannastaða Grand hótél, Reykjavík, 14. apríl.

Titill: Mikilvægi samræmdrar svæðisbundinnar kortlagningar. Hvað fangar hug og hjarta ferðamannsins.

Kynning Edward H. Huijbens á rannsóknardegi Hólaskóla. Kvennaskólinn á Blönduósi, 29. apríl.

Titill: Rannsóknarverkefni RMF.

Skipulag málstofu um ferðamál og ANT á 4th Nordic Geographers Meeting. Roskilde, Danmörku, 24.-27. maí.

Titill: ANT & tourism practices.

Kynning Edward H. Huijbens á 4th Nordic Geographers Meeting. Roskilde, Danmörku, 24.-27. maí.

Titill: Territorial tourism: Allowing for the Earth in ANT.

Edward H. Huijbens boðin seta í panel á 4th Nordic Geographers Meeting on Critical Geography and the Neoliberal University. Roskilde, Danmörku, 24.-27. maí.

Titill: Iceland's higher education in times of austerity

Skipulagning málstofu um ferðamála á 7th International Congress of the Arctic Social Sciences (ICASS). Akureyri, Ísland, 22.-26. júní.

Titill: Tourism, People and Protected Areas in Polar Wilderness.

Kynning Edward H. Huijbens á 7th International Congress of Arctic Social Sciences (ICASS VII). Akureyri, Ísland, 22.-26. júní.

Titill: The role of geotourism in destination marketing and management of fragile polar environments.

Kynning Edward H. Huijbens á verkefnum Norrænu stofnunarinnar á Grænlandi. Kulusuk, Grænlandi, 25. og 26. ágúst.

Opnunarerindi Edward H. Huijbens á ATLAS annual 20th anniversary conference 2011. Valmiera, Latvia 21.-23. september.

Þema ráðstefnu: Landscape and tourism, the dualistic relationship.

Titill: Inspirational Landscapes and the role of hospitality

Kynning Edward H. Huijbens á 20th Nordic Symposium of Tourism Research. Rovaniemi, Finnlandi, 22.-25. september.

Titill: Mapping tourism resources: Tourism product development in Iceland using GIS

Kynning Edward H. Huijbens á súpufundi ferðaþjónustuaðila á Akureyri og Eyjafirði. Hótel KEA, Akureyri, 11. október.

Titill: Að ana ekki að neinu ...

Skipulag og utanumhald örráðstefna í hátíðarsal Háskóla Íslands, 27. október.

Titill: ... hvaða tækifæri eru í norðurljósunum? Hlutverk gagnrýnna rannsókna í ferðaþjónustu

Kynning Edward H. Huijbens á 12. Þjóðarspegill. Reykjavík, Ísland, 28. október.

Titill: Kortlagning auðlinda ferðaþjónustu á Íslandi. Grundvöllur vöruþróunar í ferðaþjónustu.

Fundur með sveitarstjórnafólki og hagsmunaaðilum í Rangárþingi Ytra, Rangárþingi Eystra, Mýrdalshrepp, Skaftárhrepp og Ásahrepp um fyrir kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu nær Fjallabaki.

Hvolsvöllur og Vík í Mýrdal, 7. nóvember

Kynning Edward H. Huijbens á rannsóknardegi Hólaskóla. Kvennaskólinn á Blönduósi, 2. desember.

Titill: Rannsóknarverkefni RMF.

Boðserindi Edward H. Huijbens við háskólann í Lundi, landfræðideild. Lund, Svíþjóð 20. desember.

Titill: Neoliberalism and post welfare Nordic states. Maintaining welfare in the wake of collapse – the case of Iceland

Yfirlit ársins 2011

Að neðan er listi yfir þær ráðstefnur, málþing, vinnufundi og verkefni sem Rannsóknamiðstöð ferðamála hefur verið beinn aðili að. Starfsmenn mættu á 8 alþjóðlegar fræðaráðstefnur víða um heim á árinu, auk þess að taka þátt í fjölda málfunda og fyrirlestra á vettvangi sveitarfélaga, ríkis og annarra hagsmunaðila í ferðaþjónustu.

Janúar:

- 13. Klasafundur um beint millilandaflug á Akureyri
- 22. Fyrirlestur á Ólafsfirði vegna Héðinsfjarðargangna og umsagnar um samgönguáætlun
- 26.-28. Fundur í Exeter á Englandi um heilsutengda ferðaþjónustu og Evrópu umsóknir

Í þessum mánuði var unnið að uppgjöri ársins 2010, lokafrágangi greinar í Annals of Tourism Research, NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2011 og lokafrágang skýrslu vegna könnunar 2010, frágangi skýrslu um norræna heilsuferðaþjónustu og skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu. Nikolay Zherdev sem lýkur nú framhaldsnámi í ferðamálafræði við háskólann í Wageningen í Hollandi hóf starfsþjálfun hjá RMF.

Febrúar:

- 4.-6. Án áfangastaðar – fundarstjórn á listsýningu og ráðstefnu í Hafnarhúsinu
- 21.-22. Fundur NAPA stjórnar í Kaupmannahöfn
- 23. Aðalfundur RMF
- 24. Fundur með utanríkisráðherra um málefni norðurslóða, kynning á sýn RMF varðandi ferðamál og norðurslóðir
- 28. Ráðstefna um ímynd Norðurlands – fundarstjórn í Hofi

Í þessum mánuði var unnið að NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2011, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, greinargerðar um ímyndamál og stöðu þekkingar í ferðaþjónustu. Nikolay Zherdev undirbjó vetrarkönnun meðal gesta í Hlíðarfjall með beinu flugi frá Færeyjum.

Mars:

- 3.-7. Kennsla í Póllandi
- 9. Prófdæming lokaverkefna í Hólaskóla
- 16. Erindi fyrir GEORG við Háskólann í Reykjavík
- 24. Aðalfundur SAF, afhending lokaverkefnisverðlauna og fundir í Reykjavík

Í þessum mánuði var unnið að grein fyrir Sociologica Ruralis, skipulagi samstarfs við Ícelandair um rannsóknir, NPP trans tourism verkefni, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2011, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu og vinna við RICH-IT Rannís umsókn. Nikolay Zherdev framkvæmdi vetrarkönnun meðal gesta í Hlíðarfjall með beinu flugi frá Færeyjum.

Apríl:

- 1.-3. Skoðun á heilsuferðapjónustu í austur Póllandi
- 6.-10. Kennsla við Thompson Rivers háskóla og fyrirlestur við University of British Columbia, Okanagan
- 14. Erindi flutt á morgunverðarfundi Ferðamálastofu um uppbyggingu ferðamannastaða
- 15. Dagur ferðamálafræði við Háskóla Íslands
- 21.-26. Páskafri
- 29. Rannsóknardagur Hólaskóla á Blönduós

Í þessum mánuði var unnið að grein fyrir Sociologica Ruralis, NPP trans tourism verkefni, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðapjónustu, vinna við RICH-IT Rannís umsókn, undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2011. Nikolay Zherdev vann úr vetrarkönnun meðal gesta í Hlíðarfjall með beinu flugi frá Færeyjum.

Mái:

- 10. Súpufundur ferðapjónustuaðila á Norðurlandi
- 24.-28. Þriðja samnorræna landfræðiráðstefnan, málstofa á vegum RMF
- 28.-31. Heimsókn til Gdansk og kennsla í Bydgoszcz

Í þessum mánuði var unnið að NPP trans tourism verkefni, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðapjónustu, vinna við RICH-IT Rannís umsókn, skipulagi samstarfs við Ícelandair um rannsóknir og undirbúning flugvallarkönnunar sumarið 2011. Nikolay Zherdev vann að flugvallarkönnun. Teknar voru saman tölur um skemmtiskip í íslenskum höfnum 2000-2010.

Júní:

- 16. Fundur með Ferðamálasamtökum Íslands
- 22.-26. ICASS VII ráðstefnan haldin á Akureyri um félagsvísindi á Norðurslóðum – málstofa á vegum RMF.

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun Borgarfirði Eystri og Fjallabyggð, unnið að gagnaöflun og ýmsum skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NPP. Nikolay Zherdev lauk sinni starfsþjálfun.

Júlí:

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun Borgarfirði Eystri og Fjallabyggð, unnið að gagnaöflun og ýmsum skrifum. Unnið að verkefnum fyrir NPP og tekið þátt í Sail Húsavík – norrænni strandmenningarhátíð.

Ágúst:

- 12. Leiðsögn á Nordic Media ráðstefnu
- 24.-27. NAPA fundur á Kulusuk

Í þessum mánuði var flugvallarkönnun í framkvæmd sem og könnun Borgarfirði Eystri og Fjallabyggð, unnið að gagnaöflun og ýmsum skrifum. Teknar voru saman helstu hagstærðir í ferðapjónustu og gefnar út.

September:

2. Netfundur í trans tourism verkefni
9. Fundir í Hólaskóla
- 18.-21. Opnunarerindi á ATLAS ráðstefnu í Riga, Lettlandi
- 22.-24. 20th Nordic Symposium of Tourism and Hospitality Research, Rovaniemi í Finnlandi – erindi frá RMF.
30. Haust fundur stjórnar RMF

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, unnið að NPP trans tourism verkefni, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu, NPP umsókn um ferðamennsku á norðurslóðum og loftslagsbreytingar og umsókn um verkefni um hlutverk beins millilandaflugs í þróun áfangastaða. Lusine Margaryan sem lýkur nú framhaldsnámi í ferðamálafræði við háskólann í Wageningen í Hollandi hóf starfsþjálfun hjá RMF.

Október:

3. Netfundur í trans tourism verkefni
14. Fundur á Íslandsstofu
- 25.-26. Trans tourism fundur á Borgarfirði Eystri
27. Örráðstefna RMF við Háskóla Íslands um hvaða tækifæri eru í Norðurljósunum
28. Þjóðarspegill – ráðstefna um þjóðfélagsmál, ein málsstofa

Í þessum mánuði var unnið úr könnunum sumarsins, unnið að grein fyrir Geografiska Annaler B, NPP trans tourism verkefni, skipulagi verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu sem og ráðstefnu og funda í loka mánaðar. Lusine Margaryan hóf að greina myndefni bæklinga um Norðurland. Gregory Kwiatkowski frá Nicolaus Copernicus háskóla í Torun og Artur Janusz frá háskólanum í Lodz, báðir frá Póllandi voru gestir RMF í þessum mánuði.

Nóvember:

3. Fundur með Íslandsstofu og vinna við nýsköpunarverðlaun SAF
7. Fundir með hagsmunaaðilum í ferðaþjónustu á Hvolsvelli og Vík í Mýrdal vegna kortlagningar auðlinda ferðaþjónustu
10. Uppskeruhátíð MFN
14. Fjarfundur stjórnar RMF
27. Viðtal við forstöðumann í þættinum Landið sem rís á Rás 1

Í þessum mánuði var unnið að grein í Íslenska Þjóðfélagið, unnið úr könnunum sumarsins, NPP trans tourism verkefni, skipulagi og framkvæmd verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu og samstarfi við ráðuneyti um rannsóknir. Lusine Margaryan greindi myndefni bæklinga um Norðurland og niðurstöður flugvallarkönnunar.

Desember:

2. Rannsóknadagur Hólaskóla, Blönduós
9. Fundir í Reykjavík á Ferðamálastofu og með Rannsóknnum og ráðgjöf ferðaþjónustunnar

- 13. Trans tourism fundur á Egilsstöðum
- 20. Erindi RMF við landfræðideild háskólans í Lundi

Í þessum mánuði var unnið að NPP trans tourism verkefni, skipulagi og framkvæmd verkefnis um kortlagningu auðlinda ferðaþjónustu og samstarfi við ráðuneyti um rannsóknir. Einnig var gengi frá COST umsókn í samstarfi við háskólann í Exeter um heilsuferðaþjónustu. Lusine Margaryan lauk starfsþjálfun hjá RMF.